



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 10. nóvember 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, mál nr. S-217/2025

Samtök iðnaðarins (hér eftir nefnd „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið ofangreind drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, til skoðunar. Samtökin styðja markmið breytinganna um aukinn áreiðanleika álagningu og virkni úrvinnslugjalds. Samtökin vilja þó nýta tækifærið og benda aftur á þá stöðu sem kann að skapast við álagningu úrvinnslugjalds á fjölnota flutningsumbúðir. Eins og drögin eru framsett kunna slíkar umbúðir að verða fyrir tvöfaldri og jafnvel margfaldri álagningu séu þær endurnýttar. Það leiðir til þess að hagrænir hvatar til endurnýtingar hverfa þrátt fyrir markmið laga um úrvinnslugjald, en þeim er m.a. ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis, sbr. 1. gr. laganna.

Í greinargerð breytingafrumvarpsins er komið inn á þetta ákall samtakanna, sem fram kom í umsögn SI á fyrri stigum.¹ Ekki er þó að sjá lausn eða útfærslu til að stemma stigu við þessu álitaefni í drögunum. Samtökin telja markmið um skilyrði til hringrásarhagkerfis með hagrænum hvötum verðugt og til þess fallið að bæta stöðu úrgangsmála og leggja því áherslu á að fundin verði lausn áður en breytingarnar taka gildi. Þörf er á skilgreiningu fjölnota flutningsumbúða sem og aðferð við álagningu gjalds á þær. Skoða mætti t.d. undanþágu eða útfærslu endurnotkunarstuðuls þar sem innheimt er hlutfall af úrvinnslugjaldi í samræmi við áætlaða endurnýtingu.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins gerir reiknilíkan úrvinnslugjalds, eins og það er útfært í núgildandi lögum og hefur verið frá 2023, aðeins ráð fyrir álagningu á söluumbúðir. Álagning á flutningsumbúðir, m.a. úr pappír og pappa viðgengst því ekki. Því virðast aðilar sem greiða úrvinnslugjald af söluumbúðum úr pappír eða pappa greiða fyrir úrvinnslu flutningsumbúða að auki, þrátt fyrir að þær séu ekki á þeirra ábyrgð. Úrvinnslugjald slíkra umbúða hefur hækkað talsvert að undanfögnu. Nú síðast um 55% um seinustu áramót. En úrvinnslugjald pappírs- og pappaubúða var 15 kr./kg. árið 2020, hækkaði í 22 kr./kg. árið 2021, varð 42 kr./kg. árið 2023. Þá hækkaði gjaldið úr 42 kr./kg. í 65 kr./kg. fyrir árið 2025. Hefur álagning á þessar umbúðir því hækkað um 434% á þessu fimm ára tímabili. Vekja samtökin athygli á því að þessi staða kann að draga úr hagrænum hvötum til notkunar pappírs-

¹ Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald, mál nr. S-147/2025, 9. september 2025:
<https://samradapi.island.is/api/Documents/9f325beb-c68d-f011-9bcf-005056bcce7e>



og pappambúða fremur en t.d. plastumbúða, en úrvinnslugjald þeirra lækkaði úr 82 kr./kg. í 65 kr./kg. á sama tíma og pappírs- og pappambúðir hækkuðu úr 42 kr./kg. í 65 kr./kg.

Að því sögðu vilja samtökin biðla til stjórnvalda að fylgjast gaumgæfilega með þróun mála og sér í lagi álagningu gjalds á pappírs- og pappambúðir, í ljósi framangreindrar þróunar og ráðast í lækkun úrvinnslugjalds myndist rými til þess með breytingunum sem frumvarpið boðar. Samtökin lýsa sig boðin og búin til frekara samtals og samráðs um málið.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigurður Helgi Birgisson', with a horizontal line drawn underneath.

Sigurður Helgi Birgisson
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði